

07.86.03

Borgarvistfræði

SEINNI HAUSTÖNN 2017 6 ECTS

EFNISYFIRLIT

VISTSPOR OG ÁSTAND VISTKERFA 1

NÁMS-MARKMIÐ 1

LÝSING Á NÁMSKEIÐI 2


FYRIRKOMU-LAG 2

LESEFNI 2

NÁMSMAT OG VERK-EFNASKIL 3

EFNISYFIRLIT OG TÍMAÁÆTLUN 3

VISTSPOR OG ÁSTAND VISTKERFA Í ÞÉTTBÝLI



Skiptir gróðurfur grænna svæða máli?

Íbúum þéttbýlis fjölga ört og býr meirihluti mannkyns nú í borgum. Íslendingar eru þar engin undantekning; 84% landsmanna búa í þéttbýli með 2000 íbúum eða fleiri og um tveir þriðju búa á suðvesturhorninu, frá Mosfellsbæ til Hafnarfjarðar.

Þéttbýlismyndun hefur víðtæk áhrif á vistkerfi: hluti yfirborðsins fer undir malbik, steypu og annað ógendræpt efni og náttúrulegum gróðri er

skipt út fyrir grasflatir, blóma- beð og trjábeð. Afleiðingarnar eru því uppbot og eyðing búsvæða ásamt tapi á náttúrulegri líffræðilegri fjölbreytni, svo ekki sé minnst á hátt vistspor borgarumhverfis.

Skilningur á eiginleikum og virkni borgarvistkerfa getur nýst við marga þætti skipulags og stuðlað að minna vistspori borga; allt frá bættum ofanvatnslausnum og minni kol-

efnislosun til aukinnar líffræðilegrar fjölbreytni og bættrar heilsu íbúanna. Þá eru umhverfissjónarmið æ sterkari þáttur í sambandi við margskonar annað landnýtingarskipulag. Mikilvægt er að ákvarðanir í þeim efnum séu teknar á traustum vistfræðilegum grunni og að mismunandi fagstéttir sem þar koma að máli skilji hver aðra.

NÁMSMARKMIÐ

Í lok námskeiðsins skulu nemendur:

— hafa skilning á áhrifum þéttbýlismyndunar, mannvirkjagerðar og margvíslegar annarrar landnýtingar á vistkerfi og umhverfi og kannast við

mismunandi leiðir til að draga úr neikvæðum áhrifum þeirra;

— gera sér grein fyrir nokkrum helstu umhverfismálum samtímans, þekkja helstu innlenda og erlenda

stefnumótun þar að lútandi og tengingu þessara mála við landnýtingu og skipulag.



LÝSING Á NÁMSKEIÐI

Námskeiðinu er ætlað að gefa nemendum innsýn í áhrif þéttbýlismyndunar og annarrar algengrar landnýtingar á vistkerfi og umhverfi og tengingu þeirra við helstu umhverfismál samtímans. Kynntar verða til

sögunnar ýmsar vistfræðilegar og vistverkfærðilegar lausnir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum þéttbýlismyndunar og annarrar landnýtingar. Fjallað verður um þætti eins og vistspor þéttbýlis og

möguleika þess til að veita margvíslega vistkerfajónustu. Rætt verður um sérstöðu íslenskrar náttúru og því velt upp hvort og hvernig hægt sé að gera þéttbýlið „náttúrulegra“. Einnig verða skoðuð áhrif stórra mannvirkja (vegir, orkumannvirki, o.s.frv.) á vistkerfi og hvað gert sé til að draga úr þeim, auk þess sem rædd verða áhrif fleiri tegunda landnýtingar á vistkerfi og umhverfi. Að lokum verður fjallað um bæði alþjóðlega og innlenda stefnumótun á sviði umhverfismála og rætt hvernig hún getur tengst skipulagsmálum.

UMSJÓNARKENNARI

Umsjónarkennari:

Ása L. Aradóttir, prófessor við LbhÍ

Sími 8435330

Netfang: asa@lbhi.is

Heimasíða: www.aradottir.weebly.com

FYRIRKOMULAG

Námskeiðið byggir á fjölbreyttum kennsluáferðum: fyrirlestrum, umræðum, örverkefnum, málstofum o.fl. **Sjálfsnám og sjálfstæð, gagnrýnin skoðun á viðfangsefnum námskeiðsins er mikilvægur þáttur í náminu.**

Flestir fyrirlestrar verða teknir upp utan kennslustunda og lagður inn á Uglu. Fyrirlestrar og annað sem fer fram í skyldumætingum er alla jafna ekki tekið upp.

Gert er ráð fyrir að nemendur séu virkir í tímum. Því er nauðsynlegt að þeir séu búnir hlýða á alla fyrirlestra sem komnir eru inn og/ eða lesa tilgreint námsefni fyrir kennsludagana.

Kennsla í námskeiðinu fer fram á starfsstöð LbhÍ á Keldnaholti, Árleyni 22, Reykjavík, samkvæmt dagskrá sem er að finna á næstu síðu.

Áætlaðir nemendatímar

Kennslustundir (fyrirlestrar, umræður, málstofur og verkefni, umræður og málstofur)	~ 20 (15 klst)
Sjálfstæð vinna nemenda (verkefni)	18 (14)
Samtals	120-150
	150-180


LESEFNI / ÍTAREFNI

Kennslubók í námskeiðinu er *Urban Ecosystems: Ecological Principles for the Built Environment*, eftir Frederick R. Adler og Colby J. Tanner (Cambridge 2013)

Að auki verða greinar, bóka-kaflar, skýrslur, stefnumótunarploegg, o.s.frv. lögð fyrir af kennara, Þá verður nemendum bent á margvíslegt ítarefni sem

getur komið þeim að gagni.

Upplýsingar um lesefni og ítarefni verða lagðar inn á Moodle í tengslum við hvern efnisflokk.



NÁMSMAT

Málstofa, verkefnavinna og þátttaka í umræðum 30-40% (nánari sundurliðun síðar)

Skriflegt próf í lok námskeiðsins 60-70% (mögulega heimapróf).

Próftökuréttur er háður því að nemandi hafi náð lágmarkseinkunn 5,0 úr verklega hluta námskeiðsins (málstofa, verkefni og umræður). Lágmarkseinkunn (5,0) þarf á lokaprófi áður en einkunn úr verklegum hluta reiknast inn

EFNISYFIRLIT OG TÍMAÁÆTLUN 2017 (drög með fyrirvara um breytingar)

Dags./tími	Efni
Fös. 27. okt 9-12	<p>1. Inngangur, kynningar og umræður um efni og skipulag námskeiðsins</p> <p>2. Borgarvistfræði—viðfangsefni og áskoranir Fyrirlestur og verkefni unnið í tíma</p> <p>3. Vistspor, líffræðileg fjölbreytni og þjónusta vistkerfa — fyrirlestur</p> <p>Kynning á verkefnum og málstofu</p>
30. okt.-5. nóv. Upptökur	<p>Borgarvistfræði:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Vistspor þéttbýlis — Eiginleikar og sérkenni borgarvistkerfa — Vistfræðilegir ferlar í þéttbýli <p>Ítarefni (fyrirlestrar á Uglu):</p> <ul style="list-style-type: none"> — Upprifjun á helstu vistfræðilegu ferlum og kerfum
Fös. 3. nóv. 10-12	Umræður byggðar á efni fyrirlestra vikunnar
Fim. 9. nóv. 15:15-18:40 og fös. 10. nóv. 9-12	<p>Skyldumæting</p> <p>Ástand vistkerfa í þéttbýli hér á landi? — Verkefni og umræður</p> <p>Gestafyrirlestur—Ólafur Arnalds</p> <p>Hvaða máli skiptir ástand vistkerfa í þéttbýli? — fyrirlestur og umræður</p>
13.-19. nóv upptökur	<p>Borgarvistfræði, frh.: Lífverur í þéttbýli</p> <p>Eiginleikar og sérkenni íslenskrar náttúru</p> <p>Áhrif mannvirkjagerðar á eiginleika og ástand vistkerfa og leiðir til að draga úr þeim</p> <p>Önnur landnýting (landbúnaður, ferðamennska, landgræðsla, skógrækt, náttúruvernd, o.s.frv.) og ástand vistkerfa</p>
Fös. 17. nóv., 10-12	Umræður byggðar á efni fyrirlestra vikunnar
Fim 23. nóv. 15:15- 18:40 Fös 24. nóv. 9-12	<p>Skyldumæting</p> <p>Málstofa, nemendur kynna niðurstöður úr verkefnavinnu + umræður</p> <p>Gestafyrirlestrar: Hrafnhildur Brynjólfsdóttir, Alta og Snorri Sigurðsson, Reykjavíkurborg</p> <p>Mikilvæg umhverfismál samtímans, stefnumótun og áhrif á skipulag og landnýtingu</p> <p>— umræður og/eða örverkefni</p>
27. nóv—1. des. upptökur	<p>Vistfræði og skipulag í þéttbýli, grænir innviðir</p> <p>Leiðir til að bæta ástand vistkerfa í þéttbýli</p>
Fös. 8. des. 10-12	<p>Vistfræði og skipulag — umræður</p> <p>Samantekt á námskeiði, umræður, spurningar og svör</p>